

Reykjavík 6. júní 2002

Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð
Þskj. # 1144

Það er mér bæði ljúft og skylt að veita umsögn um fyrirætlaða Lýðheilsustöð. Málafni er varða lýðheilsu standa mér nærri sem verkefnisstjóra Geðrækt og áhugamanns um lýðheilsu.

1. gr.

Vel skilgreint markmið sem gaman væri að sjá útlistað nánar. Einnig tel ég það takmarkandi þátt að okkar aðferðir í framtíðinni geti ekki verið fordæmisgefandi og þar með fyrstar til að hljótaviðurkenningu. Því ber að endurskoða “með viðurkenndum aðferðum”.

2. gr.

Allt gott og blessað. Það er þó mín skoðun að stöðin væri etv. Betur komin undir embætti Landlæknis þar sem mér finnst hann vera í betri tengslum við þá aðila sem starfa við heilsuefningu og forvarnir.

3. gr.

Skilgreina þar hlutverk stöðvarinnar betur. Gleðst yfir því að áhersla skuli lögð á að gera “evidence based effectiveness studies” að mæla árangur af oft á tíðum huglægum þáttum eins og forvörnum og heilsuefningu.

4. gr.

Landsnefnd um lýðheilsu er nauðsyn, en ég legg áherslu á að almenningur eða “lýðurinn” fái einn fulltrúa í nefndinni. Ávallt skal passa það að nefndin verði ekki of “medicine” miðuð, þ.e. að þar sitji ekki aðeins heilbrigðisstarfsfólk.

5. gr.

Sérfræðiráð hvers geira stöðvarinnar er nauðsynlegt. Einnig er afar mikilvægt að sjá heildarmyndina og gefa hinum ólíku geirum stöðvarinnar tækifæri á að vinna saman, því iðulega tengjast ólíkir þættir í einni orsakaiðu.

6.-9 gr.

Allt eru þetta ráð sem eiga heima í slíkri sameiginlegri forvarna og heilsuefningarstöð. Auk þeirra sé ég fyrir mér verkefni eins og Geðrækt og sjálfsvígsforvarnir þarna inni. Einnig má velta fyrir sér hvort ekki skuli stigið enn lengra og Umferðarráð haft með líka. Eins og ég gat um að ofan þá er mikilvægt að eitt svið stöðvarinnar sé helgað rannsóknum og greiningu á virkni aðgerða hinna sviðanna.

10. gr.

Of snemmt.

Almennar athugasemdir.

Þegar rækta á tré er mikilvægt að byrja neðan frá á rótunum og rækta upp. Erfitt er að vaxa ofanfrá og niður. Í framhaldi af því tel að þáttur okkar sem vinnum við lýðheilsuefningu og forvörnum frá degi til dags verði að vera mikill er setja á svona stöð á koppinn. Ég vil því eggja ráðamenn að fá okkur sem stýrum svona verkefnum til ráða við sig þegar kemur að fínþússun. Það þurfa allir hlutaðeigandi að vera sem sátastir með niðurstöðuna. Samruni sem slíkur getur tekið tíma en svo hann takist sem best verður að hafa fólkið við trjástofnin með í ráðuum. Ég vil hrósa viðleitni Hr. Sigurðar Guðmundssonar sem á síðasta ári kallaði saman marga þá aðila sem vinna á þessu sviði og leitaði eftir hugmyndum þeirra og viðleitni til samstarfs. Slík vinnubrögð er til þess fallinn að skila góðum árangri. Því í Lýðheilsustöð viljum við sjá dynamíska og kraftmikla starfsemi sem skilar sér vel út til “lýðsins” en ekki trénaðan flabeinsturn.

Með vinsemd og virðingu:

Hédinn Unnsteinsson
Verkefnisstjóri Geðræktar